

þeim degi til 1. júní 1980 og 46% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags. Málskostnaður stefnanda, kr. 213.600, greiðist einnig úr ríkissjóði, þar með talin laun lögmanns stefnanda, Jóhanns Þórðarsonar héraðsdómslögmanns, kr. 205.000.

Fimmtudaginn 28. apríl 1983.

Nr. 77/1983. **Júdódeild Ármanns**

gegn

Lofti Himari Jónssyni.

Kærumál. Synjað um framlagningu skjala.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardomari.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru, dagsettri 22. mars 1983. Hann kærir með heimild í f lið 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands úrskurð, uppkveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 16. mars 1983 í bæjarþingsmálinu nr. 5641/1979: Loftur Hilmar Jónsson gegn Júdódeild Ármanns.

Með úrskurði þessum var synjað kröfu Júdódeildar Ármanns um framlagningu tveggja skjala, í fyrsta laga greiðslukvittunar Iðnaðarbanka Íslands h/f að fjárhæð 3.080.35 krónur, dags. 15. mars 1983, vegna greiðslu veskuldabréfs, sem tryggt er með 1. veðrétti í Álftamýri 56, Reykjavík, og í öðru lagi framlagningu veskuldabréfs, útg. 23. desember 1974 af Lofti Hilmar Jónssyni að fjárhæð 500.000 gamlar krónur, sem kvittað var og afhent til aflýsingar af Iðnaðarbanka Íslands h/f 15. mars 1983.

Kærumál þetta barst Hæstarétti 11. apríl 1983.

Kröfur sóknaraðilja, Júdódeildar Ármanns, fyrir Hæstarétti eru þær, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og breytt á þann veg,

að kröfur hans um framlagningu framangreindra skjala verði teknar til greina og varnaraðili, Loftur Hilmar Jónsson, verði dæmdur til að greiða homun kærumálskostnað.

Varnaraðili hefur krafist þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðili dæmdur til að greiða honun kærumálskostnað.

Hinn kærði úrskurður er án forsendna samkvæmt 2. tölulið 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 40. gr. laga nr. 28/1981.

Héraðsdómari, Kristjana Jónsdóttir, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík, hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar, dags. 8. apríl 1983, sbr. 27. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Helstu málavextir eru þessir: Með dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 14. júlí 1980, í málinu nr. 5641/1979: Loftur Hilmar Jónsson gegn Júdódeild Ármanns var Júdódeildin dæmd til að greiða Lofti Hilmari 230.753 gamlar krónur auk vaxta og málskostnaðar. Júdódeildin vildi eigi una þeim dómi og áfrýjaði málinu til Hæstaréttar.

Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 2. nóvember 1982, var meðferð málsins í héraði ómerkt frá og með munnlegum málflutningi í þinghaldi hinn 31. mars 1980 og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið upp af nýju til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu.

Er héraðsdómari tók málið fyrir hinn 15. mars 1983 til munnlegs flutnings af nýju, krafðist lögmaður Júdódeildar Ármanns þess að fá að leggja fram áðurgreind tvö skjöl. Því andmælti lögmaður Lofti Hilmars Jónssonar, og með úrskurði bæjarþingsins 16. s. m. var framlagningarkröfunni synjað, svo sem áður segir.

Héraðsdómari hefur í þinghaldinu hinn 15. mars 1983 bókað eftir lögmanni sóknaraðilja, að hann hygðist leggja framangreind skjöl fram „vegna gagnkröfu í málinu.“

Lögmaður varnaraðilja mótmælti framlagningunni í sama þinghaldi á þeirri forsendu, að engin gagnkrafta væri í málinu og ólög-mætt væri að raska grundvelli málsins með því að setja nú fram slíka kröfu.

Hinn 26. mars 1980 lýstu lögmenn aðilja yfir því á bæjarþingi Reykjavíkur, að gagnaðflun í málinu væri lokið. Hafði þá ákveðin gagnkrafta ekki verið sett fram af hálfu stefnda í héraði, Júdódeildar Ármanns.

Hann á því eigi rétt á því nú, þremur árum síðar, gegn andmælum gagnaðilja að setja fram slíka kröfu, er flytja á málið munnlega öðru sinni.

Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð og dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja 3.500.00 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Júdódeild Ármanns, greiði varnaraðilja, Lofti Hilmar Jónssyni, 3.500.00 krónur í kærumálskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 28. apríl 1983.

Nr. 243/1980. **Margrét Magnúsdóttir**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Helga Heiðari Georgssyni

(Jón Hjaltason hrl.)

og

Helgi Heiðar Georgsson

gegn

Margréti Magnúsdóttur og

Gunnari Alfreðsyni

(enginn).

Kaupgjaldsmál. Sjóveðréttur. Úrivist stefnda fyrir Hæatarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Sigurgeir Jónsson og Gaukur Jörundsson og Guðmundur Skaftason, settir hæstaréttardómarar.